



ÍSAFJARÐARBÆR

Stjórnsýsluhúsinu, 400 Ísafjörður

sími: 450 8000, fax: 450 8008 info@isafjordur.is
isafjordur.is

Fjárhagsáætlun 2012.

Greinagerð með fyrri umræðu.

Ísafirði 24. nóvember 2012

Daníel Jakobsson.

Niðurstaða reksturs

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar er nú lögð fram til fyrri umræðu. Í henni er gert ráð fyrir að samstæða Ísafjarðarbæjar sé rekin með um 30 m.kr. tapi. Tveggja m.kr. hagnaður í A-hluta en 31 m.kr. tap í B-hluta.

Veltufé frá rekstri er hinsvegar áætlað um 308 m.kr. en næsta árs afborganir eru um 333 m.kr. M.v. þessa áætlun stendur þ.a.l. rekstur samstæðunnar ekki undir afborgunum. Hinsvegar má á það benda að meðallánstími sveitarfélagsins m.v. 333 m.kr afborganir eru 12 ár og niðurgreiðsluferlið er því skarpt.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall sveitarfélagsins er nú um 180% en skv. sveitarstjórnarlögum þurfum við að vera komin í 150% skuldahlutfall innan 3ja ára. Skuldir á íbúa eru um 1 m.kr.

Mikilvægasta markmið við gerð áætlunar fyrir næsta ár er að Veltufé frá rekstri dugi til að standa undir fjárfestingum og því að lækka skuldir í 150% a næstu þremur árum. Vaxtaberandi skuldir og skuldbindingar samstæðu Ísafjarðarbæjar eru áætlaðar nú árslok um 5,2 ma. Afborganir lána árið 2012 eru áætlaðar um 333 m.kr. en vaxtaberandi skuldir eru um 4 ma.kr. Það samsvarar um 12,0 árs meðallánstíma.

M.v. um 5,2 m.kr. skuldir og 2.900 m.kr. veltu er *skuldahlutfall bæjarins því um 179%*. Ef Fasteignafélag Ísafjarðar hf. eru undanskilið eru skuldir bæjarins um 3.900 m.kr. en tekjurnar 2.800 m.kr. Skuldahlutfall án Fastís er því 139%. M.v. 2.900 m.kr. tekjur mega skuldirnar því ekki vera hærri en 4.400 m.kr. Á næstu þremur árum þarf því að ná skuldunum niður um 800 m.kr. Eða um 266 m.kr. á ári m.v. óbreyttar tekjur. Leiðrétting á skuldastöðu Fastís verður að fléttast inn í þá mynd.

Eitt helsta vandamál bæjarins er það að sökum fólksfækkunar hafa tekjur bæjarins ekki fylgt verðlagsþróunum. Þ.a.l. hefur skuldahlutfall versnað vegna þess að tekjur hafa ekki hækkað í takt við þær verðbætur sem lánin bera.

Ef við reynum að meta þróun á skuldahlutfalli Ísafjarðarbæjar næstu þrjú árin má skoða töflu hér neðar.

Hægra megin er tafla sem sýnir að m.v. að veltufé frá rekstri yrði jafnt afborgunum langtímalána eða 333 m.kr. og að fjárfest yrði fyrir 100 m.kr. á ári og verðbólga væri tekin út úr dæminu þannig að tekjur sveitarfélagsins myndu vaxa til jafns við verðbólgu þá væri skuldahlutfall bæjarins komið í 150% í lok árs 2014.

M.v. óbreyttar tekjur og að verðbólga væri 3,5% yrði skuldahlutfallið m.v. sömu forsendur hinsvegar 164%. Tekjur þyrftu að vaxa um 10% til að hlutfallið væri innan 150% reglunnar og verða 3,2 ma.kr. í lok þessa tímabils

Inn í þessu er ekki leiðrétting á skuldum Fastís sem myndi gera gríðarlega mikið fyrir sveitarfélagið ef árangur myndi nást í þeim efnum.

Verðbólga	3,50%			3,50%				
Tekjur	2.900			2.900				
		2012	2013	2014		2012	2013	2014
Skuldir 1/1		3.958	3.725	3.492		3.958	3.864	3.766
Skuldbindingar		1.100	1.100	1.100		1.100	1.100	1.100
Afborgun		-333	-333	-333		-333	-333	-333
Verðbætur						139	135	132
Fjárfesting		100	100	100		100	100	100
Skuldir 31/1		4.825	4.592	4.359		4.964	4.866	4.765
Skuldahlutfall		166%	158%	150%		171%	168%	164%
							110%	3.176

Yfirlit yfir skuldir Ísafjarðarbæjar

Nr.	Heiti	Staða m.kr.
61121	Lánasjóðir ríkisins innlend	6
61123	Lánasjóður sveitarfél. innlend	1.395
61125	Önnur lán innlend	431
61131	Lánasjóðir ríkisins erlend	
61133	Lánasjóður sveitarfél. erlend	544
61135	Önnur lán erlend	206
61181	Ofanflóðasjóður, V000-0013	31
61182	Ofanflóðasjóður, V000-0028	43
61199	Skuldir við lánastofnanir alls	2.656
	Íbúðalánasjóður	1.302
	Skuldir samtals	3.958

Rekstarreikningur

Hér að neðan má sjá samandreginn rekstarreikning Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2012. Forsendur við áætlunargerðina voru þær að verðbólga yrði 4%, gengi yrði óbreytt og að aðrar tekjur og önnur gjöld myndu hækka um 5%. Gjaldskrár áttu þ.a.l. að skila 5% meira en árið áður. Forsendur fólksfjölda og atvinnustigs voru metnar neikvæðar um 2,5%.

Markmið um niðurstöðu

Í upphafi vinnunnar var sett það markmið að ná veltufé frá rekstri jöfnu og næsta árs afborgunum. Þ.e. 333 m.kr. auk þess að eiga a.m.k. helming upp í fjárfestingar. Það markmið hefur ekki náðst og þarf að ná um 70 m.kr. til viðbótar eigi það að nást. Fjárfesting vegna hjúkrunarheimilis er haldið til hliðar enda verður hún væntanlega frádráttarbær þegar kemur að mati á skuldahlutfalli enda fylgja þeirri fjárfestingu tekjur sem eiga að standa undir afborgunum lána. Fjárfesting í ofanflóðamannvirkjum er einnig sérstök þar sem að hún er að fullu fjármögnuð og m.v. núverandi forsendur greiðum við aðeins óverulega vexti af slíkum fjárfestingum ekki afborganir.

Rekstrarreikningur ársins 2012

Bla. 1
dátíð

Áætlun fyrir umræða Dags. stöðu: 31.12.10

	Sjóðir í A-hluta			Sjóðir B-hluta			Samstæða alls		
	Fyrri umr. 2012 þús. kr.	Endurskoðu 2011 þús. kr.	Reikningur 2010 þús. kr.	Fyrri umr. 2012 þús. kr.	Endurskoðu 2011 þús. kr.	Reikningur 2010 þús. kr.	Fyrri umr. 2012 þús. kr.	Endurskoðu 2011 þús. kr.	Reikningur 2010 þús. kr.
Tekjur:									
Skatttekjur án framlags jöfnunarsjóðs	1.516.040	1.437.189	1.436.128	0	0	0	1.516.040	1.437.189	1.436.128
Framlag jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	386.417	386.471	510.882	0	0	0	386.417	386.471	510.882
Aðrar tekjur	567.832	521.216	341.114	465.546	450.942	599.618	998.610	947.155	781.673
Tekjur alls	2.470.289	2.344.876	2.288.124	465.546	450.942	599.618	2.901.067	2.770.815	2.728.683
Gjöld:									
Laun og launatengd gjöld	1.480.357	1.506.006	1.349.621	57.054	88.853	147.384	1.537.411	1.594.859	1.497.004
Breyting lífeyrisskuldbindinga	50.000	24.473	24.473	0	0	0	50.000	24.473	24.473
Annar rekstrarkostnaður	710.573	723.457	869.689	245.597	219.157	314.838	921.403	917.612	1.025.470
Rekstrargjöld af reglul. starfsemi	2.240.930	2.253.936	2.243.783	302.651	308.010	462.222	2.508.814	2.536.943	2.546.947
Rek.niðurst. af reglulegrf starfs.	229.358	90.940	44.341	162.895	142.932	137.396	392.253	233.872	181.737
Aðrar tekjur(+) og gjöld(-):									
Atskritlir	-101.805	-96.957	-101.988	-66.972	-83.392	-131.743	-168.777	-180.349	-233.731
Övunjulegir líðir	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurst. fyrir fjármagnslíð	127.553	-6.017	-57.647	95.923	59.540	5.653	223.476	53.523	-51.994
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-125.546	-106.131	-9.229	-127.561	-108.286	-89.076	-253.108	-214.417	-98.304
Rekstrarniðurstæða	2.007	-112.148	-66.876	-31.639	-48.746	-83.423	-29.632	-160.894	-150.299

Forsendur skatttekna

Afmörkun Ártal: 2012, Málaflokkur: 00..83, Rekst Staðan miðast við:

Mála- flokkur	Fjárhags- reikningur	Heiti fjárh.lykils	2012 Áætlun fyrir umr	2011 Endurskoðuð áæt	% af samanbur	2011 Staða	% af samanbur
00	Skatttekjur		-1.902.456.908	-1.823.660.009	104,32	-1.476.256.236	128,87
00	01	Útsvar	-1.299.191.792	-1.233.979.514	105,28	-967.702.954	134,26
00	08	Fasteignaskattur	-173.192.065	-163.823.880	105,72	-162.211.214	106,77
00	10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-386.416.800	-386.470.939	99,99	-306.833.850	125,94
00	30	Lóðarleiga	-43.656.251	-39.385.676	110,84	-39.508.218	110,50

Áætlunin gerir ráð fyrir 1.324 m.kr. útsvari. M.v. þróun s.l. mánaða gæti það verið ofmat. Verri spá gæti verið nær 1300 m.kr [Ath að til frádráttar á útsvari kemur 25 m.kr. greiðsla til Byggðasamlags um málefni fatlaðra vegna 0,25% af útsvarinu. Þ.a.l er talan í 1299 m.kr.)

Þegar útsvar fyrir 2012 var áætlað var árið í ár framreiknað með launahækkunum á almennum vinnumarkaði sem eru að meðaltali 4,9%. Jafnframt er gert ráð fyrir að breyting á vinnuafla sé neikvæð um 2,5% sem er þróun s.l. 12 mánaða. [mannfjöldi og atvinnustig].

Þróun útsvars — Áætlun þessa árs gerði ráð fyrir 1233 m.kr. án 0,25% útsvars vegna fatlaðra sem er um 25 m.kr.

	2008	2009	2010	2011	Áæ 2012	Lr. 2012
Jan	92.660.603	119.891.902	106.796.387	106.725.632	108.860.145	108.860.145
Feb	102.010.362	84.310.437	111.564.103	114.768.971	117.064.350	100.087.324
Mar	92.687.987	91.922.766	101.364.833	140.114.292	147.820.578	100.087.324
Apr	65.838.954	97.063.860	83.333.729	33.532.744	35.377.045	100.087.324
Mai	88.808.341	93.708.208	101.868.500	102.011.244	107.621.862	107.621.862
Jún	99.803.314	101.541.294	101.279.659	119.514.688	118.917.115	118.917.115
Júl	87.923.997	106.933.523	115.316.852	120.340.094	120.941.794	120.941.794
Ágú	123.766.292	115.570.449	87.628.697	120.637.463	121.240.650	121.240.650
Sep	74.638.863	103.768.135	112.272.799	110.057.826	110.608.115	110.608.115
Okt	100.098.624	104.182.652	108.961.093	107.772.000	108.310.860	108.310.860
Nóv	81.528.594	97.719.168	104.859.055	103.286.169	103.802.600	103.802.600
Des	170.518.037	81.715.590	104.483.092	102.915.846	103.430.425	103.430.425
	1.180.283.968	1.198.327.984	1.239.728.799	1.281.676.969	1.303.995.540	

00-06 og 30 Fasteignaskattur og lóðaleiga.

Í áætlun er gert ráð fyrir óbreyttum álagningarprósentum. Fasteignamat hefur hinsvegar hækkað sem leiðir til 7% hækkun tekna.

00-10 Jöfnunarsjóður

Áætlanir frá Jöfnunarsjóði eru ekki allar komnar og vantar sum af stóru framlögunum s.s. grunnskólaframlag og útgjaldajöfnun. Ekkert komið um aukaframlag, sem var 89 m.kr. í fyrra, hvorki fyrir árið 2011 né 2012. Það gæti orðið 0-30 m.kr. 2011 skv. uppl. Frekari áætlanir um þetta liggja fyrir í byrjun des.

Viðhald

Viðhald í samstæðu 2011 verður 170 m.kr. En er 146 m.kr. í áætlun. Mismunur er fyrst og fremst malbikunarframkvæmdir. Þ.e. ekki er gert ráð fyrir að malbika.

Forsendur launa

Lagt var upp með það markmið að ná 57% launahlutfalli í A-hluta en það er í 60% í ofangreindri áætlun. Hinsvegar er það 52% í samstæðunni. Á það má benda að eitthvað af launakostnaði í B-hluta er bókaður sem laun í A-hluta en kemur svo fram sem millifærsla í öðrum rekstrarkostnaði í B-hluta. Það skekkir hlutfall á milli A- og B-hluta eitthvað.

Laun

Launakostnaður bæjarins á þessu ári verður um 1650 m.kr. Í rekstarreikningi hér að ofan er áætlaður launakostnaður 1537 m.kr. í samstæðu á næsta ári. Sjá viðauka 1. Það þýðir að launalækkun milli ára verður um 125 m.kr. Áætluð laun í A-hluta á þessu ári eru 1480 m.kr. Til að ná markmiði um 57% launahlutfall í A-hluta m.v. núverandi tekjuforsendur þá þarf launakostnaður að verða um 1416 m.kr. sem þýðir að lækka þyrfti laun (en hækka tekjur) um 60-70 m.kr. til viðbótar breytist tekjur ekki. Áætluð laun í A-hluta á þessu ári eru um 1590 m.kr.

Við vinnu á lækkunum launa hefur verið haft sem útgangspunktur.

1. **Forðast uppsagnir eins og hægt er.** Skoða þ.a.l. frekar að minnka starfshlutföll, afleysingar, hlutastörf og yfirvinnu.
2. **Vinnudagur stytur.** Þ.e. að fólk vinni ekki fulla dagvinnu og fari svo á yfirvinnu. Frekar lagt upp með vaktavinnu þ.e. ef manna þarf á kvöld og helgar kemur það til styttingar vinnutíma aðra daga.

3. **Yfirvinnubann.** Markmiðið er að draga úr yfirvinnu eins og kostur er. Lagt er til yfirvinnubann. Þ.e. að sviðstjórar þurfi að samþykkja yfirvinnu. Þannig verði ekki unnin yfirvinna nema að það þurfi nauðsynlega til s.s. til að manna veikindi þar sem ekki er hægt að draga úr starfsemi.
4. **Annaðhvort föst yfirvinna eða greidd yfirvinna.** Í þeim tilvikum sem að starfsmenn fá greidda yfirvinnu eða bakvaktir eða álagsgreiðslur verði reynt að draga úr fastri yfirvinnu eða greiddri yfirvinnu. Skoðað verði hvort henti betur starfsmanninum og bænum að greiða fasta yfirvinnu eða fyrir hvert útkall í hverju og einu tilviki. Þar sem starfsmönnum hefur verið greidd föst yfirvinna til að mæta útköllum skal þó reyna að draga úr útköllum eða dagvinnu á móti. Jafnvel semja um að starfsfólk taki út frí á móti yfirvinnu.

Umfjöllun um einstaka málaflokka hefur verið send bæjarfulltrúum. Þar er farið ítarlega í helstu atriði fjárhagsáætlunar. Í tengslum við aðra umræðu verður búið að fella þær breytingar inn í greinagerð þessa.

Breytingar frá gerð sem gera verður ráð fyrir milli umræðna.

1. Tónlistarskóli auknar tekjur um 11 m.kr.
2. Tvítalinn samningur vegna golfklúbba 2 m.kr.
3. Vantaldar tekjur slökkviliðs 1 m.kr.
4. Gatnagerðargjöld vegna hjúkrunarheimilis ofmetin 10,5 m.kr.
5. Líklegt að gera ráð fyrir arðgreiðslum úr Eignarhaldsfélagi Brunabótafélagsins. 7 m.kr.

Nettó eru þetta 10,5 m.kr. þannig að tap í samstæðu er þá um 20 m.kr. m.v. fyrstu frumdrög og veltufé frá rekstri þ.a.l. 318 m.kr.

Rekstraráætlun, breytingar á milli áætlana

Ísafjarðarbær

Afmörkun		Árið: 2012		Fjárhæðum undir 0 er sleppt			
Mála-flokkur	Deild	Fjárhags-reikningur	Heiti fjárh.lykils	Staða	Áætlun Samþykkt	Áætlun Fyrri umræða	Mismunur: Samþykkt - Fyrri umræða
00	10	0111	Tekjujöfn. frl. 12. gr. rgl. 1	0	-8.615.000	4.411.336	-11.026.336
06	87	4991	Önnur aðkeypt þjónusta	0	400.000	2.400.000	-2.000.000
07	25	0471	Seld vinna og þjónusta	0	-3.000.000	-2.000.000	-1.000.000
10			Umferðar- og öryggismál, heildarupphæð	0	103.484.719	89.484.719	14.000.000
10	01		Gatnagerðargjöld, heildarupphæð	0	2.000.000	-12.000.000	14.000.000
10	01	0201	Gatnagerðargjöld A	0	-1.500.000	-12.000.000	10.500.000
21	82	0901	Styrkir, gjafir, framlög	0	-7.000.000	0	-7.000.000
					Samtals mismunur		-10.526.336

-dja